



VIÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

**Nefndasvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 27. nóvember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Landsvirkjun nr. 42/1983 (16. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að eigendastefna verði sett fyrir Landsvirkjun.

Viðskiptaráð tekur undir mikilvægi þess að Landsvirkjun verði sett eigendastefna af hálfu ríkisins. Á þessu var m.a. tæpt í [skýrslu ráðsins](#) á síðasta Viðskiptaþingi núna í febrúar. Eins og rakið er í frumvarpinu er það bæði til hagsbóta fyrir fyrirtækin sjálf sem og ríkið, sem eiganda þeirra, að slíkri stefnu sé til að dreifa. Þá skapar slík stefna jafnframt sýn til lengri tíma og þar með vissu á markaði sem er til hagsbóta fyrir t.a.m. samkeppnisaðila opinberra fyrirtækja og viðskiptavini þeirra.

Hvað varðar efnisatriði slíkrar stefnu er unnt að taka mið af [sambærilegum stefnum erlendis](#) sem og útgefnu efni s.s. af hálfu [OECD á þessu sviði](#). Á þeim grunni voru sérstakar leiðbeiningar um stjórnarhætti opinberra fyrirtækja byggðar, sem Viðskiptaráð, Samtök atvinnulífsins og Kauphöllin tóku saman í lok árs 2008. Þær er nú að finna í almennu [leiðbeiningunum um stjórnarhætti fyrirtækja](#) og er ástæðan m.a. sú að þróunin erlendis er í þá átt að skipulag ríkisfyrirtækja sé hið sama og einkafyrirtækja.

Þá er ekki síður mikilvægt að upplýsingagjöf á grundvelli eigendastefnunnar sé í alla staði til fyrirmyndar. Hér má t.d. vísa til vinnulags í Svíþjóð í þessum efnum en þar er árlega gefin út sérstök [skýrsla sænsku ríkisstjórnarinnar](#) með viðamiklum upplýsingum um ríkisfyrirtækin.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllst,

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands